

1855. húsum, og mælti því stjórnin með, að brjefið skyldi samið eptir 22. febrúar. uppástungu alþingis, og gjört að lögum.

22. marz. **6. Konungsúrskurður um staðfestingu á útleggingu laga, sem gefin eru fyrir Ísland.**

Vjer ákvörðum allramildilegast að hin íslenzka þýðing laga þeirra, sem hjer eptir eru gefin fyrir Ísland, verði staðfest af manni, er Vjer nefnum til þess, og að þetta nú sem stendur sje falið á hendur forstöðumanni hinnar íslenzku stjórnardeildar, etazráði Stephensen.

22. marz. **7. Opið brjef um bann gegn byssuskotum á sel á Breiða-firði á Íslandi.**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir þegnlegu frumvarpi alþingis hefur Oss þóknast að skipa fyrir á þessa leið:

Öll byssuskot á alls konar sel, af hverju kyni sem er, skulu hjeðan í frá vera bönnuð fyrir innan línuna frá Bjargtöngum í Barðastrandarsýslu til Öndverðarness í Snæfellsnessýslu. Ef móti þessu er brotið, liggja við sektir og skaðabætur eptir tilskipun 20. júní 1849, 5., 15. og 16. grein.

Að öðru leyti stendur við það, sem fyrir er mælt í greindri tilskipun, um veiði á Íslandi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

Ástæður fyrir þessu opna brjefi.

Frá alþingi, sem haldið var 1853, kom bænarskrá til konungs um breytingu á tilskipun um veiðilög á Íslandi 20. júní 1849. Bar þingið það þar fram sem samhuga álit sitt, að brýn nauðsyn bæri til þess að friða sel fyrir skotum öðruvísi og betur, en nú á sjer stað eptir áður nefndri tilskipun, einkum á þeim stöðum, þar sem töluverð selveiði tíðkast í nótum og